

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag í landi Skaftholts.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þremur nýjum byggingarreitum fyrir íbúðarhús. Á byggingarreit A er gert ráð fyrir allt að 600 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi á einni til tveimur hæðum og á byggingarreit B og C er gert ráð fyrir allt að 100 m<sup>2</sup> íbúðarhúsum.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2010.

2. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Jarphaga í landi Þjórshólts.*

Í deiliskipulaginu felst að á 16 ha svæði er gert ráð fyrir þremur frístundalóðum þar sem heimilt er að reisa frístundahús og eitt aukahús á hverri lóð. Hámarksnýtingarhlutfall á lóð er 0,03.  
Samþykkt í sveitarstjórn 12. janúar 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. mars 2010.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud. 31. mars 2010